




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



4.4  
HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

**Efni: Tillaga um einhverfudeild í Réttarholtsskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. mars 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. febrúar 2021, ásamt umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 13. janúar 2021, umsögn foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 14. janúar 2021 og umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 11. mars 2021:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að stofnuð verði ný sérdeild fyrir einhverfa nemendur á unglíngastigi grunnskóla. Deildin verði staðsett í Réttarholtsskóla og taki til starfa 1. ágúst 2021.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundaráð

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 12. febrúar 2021

Umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 13. janúar 2021

Umsögn foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 14. janúar 2021

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 11. mars 2021



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Tillaga um stofnun nýrrar sérdeildar fyrir einhverfa nemendur í Réttarholtsskóla haustið 2021***

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að stofnuð verði ný sérdeild fyrir einhverfa nemendur á unglíngastigi grunnskóla. Deildin verði staðsett í Réttarholtsskóla og taki til starfa 1. ágúst 2021.

**Greinargerð:**

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu var stofnuð í Háaleitisskóla, nú Hvassaleitisskóla í ágúst 2014. Tillaga þess efnis var lögð fyrir skóla- og frístundaráð þann 5. maí 2014 þar sem ákveðið var að leita eftir umsögn skólaráðs Hvassaleitisskóla. Tillagan var síðan tekin fyrir á fundi borgarráðs 22. maí 2014 þar sem hún var samþykkt og skyldi deildin taka til starfa 1. ágúst 2014. Í minnisblaði með tillögnum kom m.a. fram að þar sem eingöngu eru nemendur í 1. til 7. bekk í Hvassaleitishluta Háaleitisskóla þyrfti að gera ráð fyrir unglíngahluta deildarinnar síðar í Álftamýrarhluta skólans þegar nemendur útskrifast úr 7. bekk.

Háaleitisskóla hefur síðan aftur verið skipt upp í tvo skóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Nemendur úr Hvassaleitisskóla fara í Réttarholtsskóla að loknum 7. bekk og er því Réttarholtsskóli heimaskóli nemenda úr 8. – 10. bekk sem koma úr þremur skólum; Fossvogsskóla, Breiðagerðisskóla og Hvassaleitisskóla og þar með nemenda í sérdeild Hvassaleitisskóla. Nemendur einhverfudeildar í Hvassaleitisskóla munu eiga forgang í einhverfudeild í Réttarholtsskóla.

Í sérdeild Hvassaleitisskóla eru 9 nemendur og munu tveir þeirra ljúka 7. bekk vorið 2021, fjórir vorið 2022 og þrír vorið 2023. Áætlað er að tveir til þrír nemendur muni hefja nám í nýrri deild í ágúst 2021 og hún muni síðan vaxa á næstu tveimur til þremur árum í 6 nemenda deild að öllu jöfnu en þó alltaf með sveigjanleika til að geta tekið við þeim nemendum sem útskrifast úr deildinni í Hvassaleitisskóla.

Fundir hafa verið haldnir með skólastjórnendum Réttarholtsskóla sem hafa lýst yfir vilja og áhuga á stofnun sérdeildar við skólann. Umsögn skólaráðs, dags. 13. janúar 2021 og foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 14. janúar 2021 liggja fyrir. Helsti vandi skólans vegna þessa eru húsnæðismál skólans. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir í húsnæði skólans og verði ný deild samþykkt við skólann er brýnt að þeim verði að fullu lokið áður en hún tekur til starfa 1. ágúst 2021.

## Mat á fjárhagslegum áhrifum

Til grundvallar eru lagðar neðangreindar forsendur í reiknilíkani fyrir grunnskóla.

Grunnstundir	
Grunnstundir á einhverfudeild á viku	20
Grunnstundir á hvern nemanda á viku einhverfu	10
Einhverfudeild 1/3 stuðningsfulltrúar á hvern nemanda	0,333
<b>Rekstrargjöld pr. nemanda</b>	
Einhv.deildir ö.gjöld pr nemanda á önn	17,8

Miðað við að tveir nemendur verði í sérdeildinni þarf 20 kennslustundir í grunninn og 10 kennslustundir pr. nemanda. Samtals eru þetta 40 kennslustundir á viku. Kennsluskylda kennara eru 26 kennslustundir á viku og því er þetta ígildi 1,54 stöðugildis kennarar. Varðandi stuðningsfulltrúa þá þarf 66,7% stöðugildi fyrir tvo nemendur.

Þegar verið er að stofna nýja sérdeild þarf að gera ráð fyrir ákveðnum sérbúnaði og aðlögun á vinnuáðstöðu nemanda og kennara. Miðað við fyrri reynslu er rétt að gera ráð fyrir að slíkur kostnaður geti verið um 1 milljón kr.

Samantekt:

6.250.000,- kr. - Kennarar (1,54 stöðugildi x 10 mkr x 5 mánuðir / 12)

1.800.000,- kr. - Stuðningsfulltrúar (0,67 stöðugildi x 6,5 mkr x 5 mánuðir / 12)

1.000.000,- kr. - Sérbúnaður og aðlögun á vinnuáðstöðu

**9.050.000,- kr - Samtals**

Núverandi fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs gerir ekki ráð fyrir rekstri sérdeildar í Réttarholtsskóla og verður því að óska eftir níu milljón króna viðauka við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna haustannar 2021.



Reykjavík, 13. janúar 2021

## Beiðni frá skóla- og frístundasviði um umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla

### Efni: Sérhæfð sérdeild fyrir nemendur með einhverfu í Réttarholtsskóla

Frá og með upphafi skólaársins 2020-2021 varð Réttarholtsskóli heimaskóli nemenda sem ljúka 7. bekk í Hvassaleitisskóla. Skólaráð Réttarholtsskóla vill að allir nemendur hafi sömu tækifæri og rétt á að stunda nám í Réttarholtsskóla, þar á meðal nemendur sem stundað hafa nám í einhverfudeild Hvassleittisskóla. Verkefnið kallar á breytingar á stoðþjónustu Réttarholtsskóla þar sem umfangið verður meira en nú er stoðþjónusta skólans starfrækt innan náms- og upplýsingavers. Starfandi deildarstjóri heldur utan um þjónustuna samhliða upplýsinga- og tæknimálum skólans.

Þar sem stofnun deildar fyrir nemendur úr einhverfudeild Hvassaleitisskóla mun auka umfang stoðþjónustu Réttarholtsskóla verulega mun hlutverk deildarstjóra breytast. Skólaráð skólans telur vænlegast að einhverfudeild verði hluti af annarri stoðþjónustu til að kraftar og þekking þeirra sem þar starfa nýtist öllum nemendum. Með tilkomu einhverfudeildar sjáum við tækifæri til að breyta skipulagi, auka gæði og þjónustu enn frekar þar á meðal við nemendur sem þegar eru í skólanum. Í stað þess að bæta við einingu sem vinnur sjálfstætt þá viljum við sjá stoðþjónustu Réttarholtsskóla sem eina heild.

Skólaráð Réttarholtsskóla leggur áherslu á mikilvægi þess að huga vel að húsnæðismálum skólans og að fyrirhuguðum framkvæmdum vegna loftgæða í rými náms- og upplýsingavers verði lokið fyrir sumarleyfi 2021. Mikilvægt er að hægt verði að hefja starfsemi í byrjun skólaárs 2021-2022 og að engin röskun verði á móttöku nemenda og á stoðþjónustu skólans. Jafnframt skal tekið fram að nemendur og starfsfólk skólans býr við mjög þröngan húsakost og brýnt er að laga húsnæðið að núverandi þörfum og til framtíðar. Fyrir liggur að nemendum við Réttarholtsskóla mun fjölga á næstu árum. Takmarkað rými húsnæðis skólans í dag er hamlandi þáttur og stækkun á stoðþjónustu eykur vissulega þörfina á auknu kennslurými og staðsetningu félagsmiðstöðvarinnar Bústaða.

Virðingarfyllst fh. skólaráðs Réttarholtsskóla,

Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri.

Réttarholtsskóli  
b.t. Margrétar Sigfúsdóttur skólastjóra  
Réttarholtsvegi 21-25  
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2021.


**EFNI: Umsögn um stofnun einhverfudeildar við Réttarholtsskóla.**

Stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla vísar til erindis yðar, dags. 11. þessa mánaðar, þar sem óskað er eftir umsögn foreldrafélagsins um fyrirhugaða stofnun sérdeildar við skólann fyrir nemendur með einhverfu. Með erindinu fylgdi beiðni Soffíu Vagnsdóttur, skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskóla Reykjavíkurborgar, þar sem óskað er eftir því að stofnun deildarinnar verði tekin til umræðu í skólaráði og stjórn foreldrafélags skólans. Í erindinu kemur fram að nemendur með einhverfu úr Hvassaleitis-skóla muni njóta þjónustu deildarinnar.

Erindi yðar hefur verið rætt innan stjórnar foreldrafélagsins. Það er álit stjórnarinnar að stofnun deildarinnar feli í sér jákvætt skref fyrir nemendur skólans að því tilskildu að henni fylgi nægilegt fjármagn. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að skólinn beiti sér fyrir því að starfsmenn hans leiti sér þekkingar og kynni sér reynslu þeirra skóla þar sem vel hefur tekist til með stofnun sambærilegra deilda. Með því móti aukast líkurnar á því að sú þekking sem verður til innan deildarinnar nýtist ekki aðeins starfsmönnum hennar og þeim nemendum sem henni er ætlað að sinna heldur skólanum í heild sinni.

Í samtali undirritaðs við yður kom fram að gert væri ráð fyrir að nemendum með einhverfu við deildina myndi fjölga á komandi árum. Vegna þessa leggur stjórn foreldrafélagsins áherslu á að stofnun deildarinnar fylgi fjármagn til að stækka og betrubæta húsnaði skólans en húsakostur er nú þegar þröngur.

Virðingarfyllst,



f.h. stjórnar Foreldrafélags Réttarholtsskóla  
Gizur Bergsteinsson formaður



## Umsögn

**Viðtakandi:** Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

**Efni:** Tillaga um stofnun nýrrar sérdeildar fyrir einhverfa nemendur í Réttarholtsskóla haustið 2021

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um eftirfarandi tillögu:

*Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að stofnuð verði ný sérdeild fyrir einhverfa nemendur á unglíngastigi grunnskóla. Deildin verði staðsett í Réttarholtsskóla og taki til starfa 1. ágúst 2021.*

Með tillögunni fylgir kostnaðarmat sviðsins uppá 9.050.000 kr.

Fjármálasvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið enda byggir það á vinnu sem hefur verið í gangi við að uppfæra úthlutunarlíkan fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar. Mesta óvissan er nemendafjöldinn þar sem hann er beintengdur við þörf á stuðningi og kennslu og hefur því bein fjárhagsleg áhrif. Hins vegar er alltaf fastur kostnaður við að stofna einhverfudeild og því færri sem nemendur eru því hærri er kostnaður per nemanda. Í tillögunni er gert ráð fyrir kostnaði við rekstur einhverfudeildar með tveimur nemendum sem á ársgrundvelli er um 19 m.kr. samkvæmt áður nefndu úthlutunarlíkani.

Rétt er þó að benda að Reykjavíkurborg starfrækir nú þegar sex einhverfudeildir víðsvegar um borgina með 7-13 nemendum og gætu því falist tækifæri í að nýta þá innviði sem eru nú þegar til staðar í skólum sem hafa til þess aðstöðu þar sem því fylgir alltaf fastur kostnaður við að reka einhverfudeild óháð nemendafjölda. Þannig mætti nýta betur fjármunina sem nú þegar eru til staðar í starfandi einhverfudeildum.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*